



SKÓLAFRÉTTIR

Dalvíkurskóli

Mai 2016

Unicef hlaupið

Unicef hlaupið er haldið á hverju ári alltaf á vorin. Allir krakkar taka þátt í hlaupinu. Krakkarnir fá áheiti hjá foreldrum sínum sem styrkja þau oftast um 100 krónur. Svo hlaupa krakkarnir eins marga hringi og þeir geta til að safna sem mestum pening. Þau hafa klukkutíma til að hlaupa og safna pening. Þau hlaupa með lítið spjald og fá límmiða eftir hvern hring sem þau hlaupa svo þau viti hversu marga hringi þau hlupu þegar hlaupinu lýkur. Unicef hlaupið er haldið til að safna pening fyrir fátækum börnum um allan heim. Dalvíkurskóli safnar mjög miklum peningi á hverju ári og er alltaf ofarlega á Unicef listanum.

Ef þú smælar framan í heiminn, þá smælar heimurinn framan í þig. — Megas



Meðal efnis:

- Unicef hlaupið
- Viðtöl við nemendur
- Viðtöl við starfsfólk
- Boltasmiðja
- Skoðanakönnun

Viðtöl við nemendur og kennara

Elvar Freyr

Hvað finnst þér skemmtilegast við skólann? Íþróttir. Af hverju? Því að íþróttir eru skemmtilegar. Hvað finnst þér um matinn í skólanum? Stundum vondur og stundum ágætur. Hvað finnst þér stemmtilegast að gera í frímínútum? Fara á völinn. Hvað ertu gamall? 12 ára. Áttu systkini? Ég á eina systur. Áttu dýr? Nei.



Magni Þór

Hvað finnst þér skemmtilegast við skólann? Starfsfólkið og nemendurnir. Af hverju? Því það er gaman að vinna með fólki og mismunandi karakterum. Hvað finnst þér um matinn í skólanum? Mér finnst hann heilt yfir finn ég gef honum svona 7.0 - 7.5 í einkunn. Hvað ertu gamall? 28 ára.

Þuríður Oddný

Hvað finnst þér skemmtilegast við skólann? Lesa. Af hverju? Af því að það er skemmtilegt. Hvað finnst þér um matinn í skólanum? Hann er ágætur. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frímínútum? Klifra. Hvað ertu gömul? 7 ára að verða 8 ára. Áttu systkini? Ég á þrjú



Bryndís Hrund

Hvað finnst þér skemmtilegast við skólann? Fólkið í skólanum. Af hverju? Því það eru allir svo jákvæðir og skemmtilegir. Hvað finnst þér um matinn í skólanum? Mjög góður sérstaklega fiskurinn en mér finnst hakkið ekki mjög gott. Hvað ertu gömul? 31 árs. Áttu systkini? Ég á fimm systkini. Áttu dýr? Einn hund, fimm hænur og tvo hesta.



Hafragrautur hol- lur er

Viðtal við Svölu Gígju sem stjórnar og gefur hafragrautinn á morgnana.

Hvernig gengur með hafragrautinn? Mjög vel.

Eru margir krakkar í áskrift? Já það eru 118 nemendur í skólanum í áskrift og svo koma stundum kennarar og fá sér. Hvað eldið þið mikið af hafragraut á dag fyrir skólann? U.þ.b 4,5 kíló.

Svo spurðum við nokkra krakka um hvernig þeim finnst grauturinn á morgnanna. Flestir voru í áskrift og en það voru tveir sem að voru ekki áskrift. Þeir sem að eru í áskrift finnst hafragrauturinn mjög góður. Tveir sögðu að hann væri ekki alltaf góður en þó oftast. Enginn sagði að hann væri vondur.

Viðtöl við starfsfólk skólans



Hvað heitir þú? Vilborg.

Hvað gerir ritarinn í skólanum? Svarar í símann, skrá þegar einhver er veikur og vinnur í tölvunni.

Hvað vildir þú verða þegar þú vast lítil? Sem unglingur vildi ég verða íþróttabjálfi.

Hvað ertu búinn að vinna lengi í skólanum? 15 ár.

Fannst þér skemmtilegt í skólanum þegar þú vast líttill? Já.

Hvað fannst þér skemmtilegt í skólanum þegar þú varst lítil? Íþróttir.

Hvað heitir þú?

Ég heiti Snjólaug Stefanía Rósmundsdóttir.

Hvað gerir þú í skólanum?

Ég er skólaliði þríf og hjálpar börnum

Hvað vildir þú að verða þegar þú varst lítil? Ég vildi vera hjúkrunarkona

Hvað ertu búin að vinna lengi í skólanum? Ég er búin að vinna í átjan ár

Fannst þér skemmtilegast í skólanum þegar þú varst lítil? Já

Hvað Fannst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir



Hvað heitir þú? Ég heiti Einar Arngrímsson.

Hvað gerir þú í skólanum? Ég er húsvörður.

Hvað vildi þú vera þegar þú varst lítil? Ég vildi vera læknir.

Hvað ertu búinn að vinna lengi í skólanum? Ég er búinn að vinna í skólanum í 15 ár.

Fannst þér skemmtilegt í skólanum þegar þú varst líttill? Já

Hvað fannst þér skemmtilegt í skólanum? Mér fannst skemmtilegast að teikna .


Bolta íþróttasmiðja

Við kíktum á krakkana í boltaíþróttasmiðjunni og tókum viðtöl við nokkra krakka. Við spurðum þau spurninga og fengum frábær svör. Þeim finnst þessi smiðja mjög skemmtileg og þu fá mikla útrás fyrir orkuna. Þau eru mjög mikið úti núna á þessum árstíma því að það er svo gott veður úti. Þau eru mikið á gervigrasvellingum í fótbolta og öðrum leikjum. Þau taka öll þátt í leikjunum og þeim finnst þessi smiðja rosalega skemmtileg. Þetta eru krakkar frá 13-14 ára og hafa þau rosalega gaman af þessari smiðju. Þau fara í flesta leiki sem að þeim dettur í hug og taka þau öll þátt.

Skólafréttir eru skrifaðar af nemendum í Fréttasmiðju, þeim: Agnesi, Amalíu, Herborgu, Tómasi, Veróníku, Urði, Rakel, Heklu og Steinunni.

Áhugi á sundi

Finnst þér skemmtilegt í sundi?



Hvaða sund finnst þér skemmtilegast að synda?

